

ORÐSKÝRINGAR

Adept.

Fullnumi eða meistari. Það er maður sem gengið hefur braut mannkyns-þróunarinnar og er nú staddur á síðasta hluta leiðarinnar, vígslu-brautinni. Fullnumi hefur tekið fimm vitundarvígslur, og tilheyrir því fimmta náttúru-ríkinu, hinu andlega.

Adi.

Hið fyrsta, hið upprunalega. Atómíska svið sólkerfisins; efst eða fíngerðast hinna sjö sviða. Einnig nefnt guðlega sviðið.

Agni.

Drottinn eldsins. Elsti og virtasti guðinn á Indlandi. Einn hinna þriggja máttugu guða Agni, Vaju og Surja, en einnig þeir allir til samans, því hann er hinir þrír eðlisþættir eldsins. Eldur er innsti kjarni sólkerfisins.

Í biblíunni er sagt: „Drottinn vor er eyðandi eldur.“ Hann er einnig tákn fyrir hugar-sviðið, því hann er aðalstjórnandi þess.

Andlegur fræðari. (Sjá gúru.)

Antahkarana.

Leiðin eða brúin milli æðri og lægri huga. Hún er tengiliður og farvegur fyrir samskipti þeirra á milli. Hinn andlegi leitandi byggir hana sjálfur úr hugrænu efni.

Agnichaitans.

Hópur eldtíva (sjá tívar).

Ára.

Fíngert og ósýnilegt svið eða útgeislun sem umlykur líkami dýra og manna og jafnvel hluti. Hún er sálrænt útstreymi huglíkama, geðlíkama og ether-líkama.

Áríska eggíð.

Heiti sem gefið er sálarlíkamanum vegna lögunar sinnar.

Ashram.

Heildi eða heildisskóli meistara. Lærisveinar og leitendur tilheyra ákveðnu ashrami vegna karmískra tengsla við meistaran, geislagerðar eða þarfar og starfa þar undir leiðsögn.

Atlantis.

Meginland fjórða kynstofnsins. Samkvæmt Plató og kenningum dulfræðinnar var því sökkt í Atlantshafið.

Atma.

Hinn alheimslegi andi; hinn andlegi vilji, einn af eðlisþáttum andlegu þrenndarinnar.

Atómíska sviðsstigið.

Efni sólkerfisins greinist í sjö heima eða svið, en hið æðsta þeirra eða fíngerðasta kallast atómíska sviðið, adi eða guðlega sviðið. Á sama hátt greinist hvert hinna sjö sviða í sjö sviðsstig, en hin æðsta eða fíngerðasta þeirra kallast atómíska sviðsstigið. Af því leiðir að til eru fjörutíu og níu sviðsstig og sjö þeirra eru atómísk.

Bodhisattva.

Í bókstaflegum skilningi sá sem hefur hreina innsæisvitund eða búddhi. Sá sem aðeins þarf eina efnisbirtingu í viðbót til að verða fullkominn búddha. Í þessum bréfum er Bodhisattva heitið á því embætti sem Drottinn Maitreya gegnir um þessar mundir. Á vesturlöndum þekkja menn hann sem Krist. Hann er einnig kallaður heimsfræðarinn. Bodhisattva er yfirstjórnandi allra trúarbragða heimsins, hann er meistari allra meistara og kennari engla sem og manna.

Búddha.

Nafn gefið Gautama upphafsmanni búddhismans. Hann fæddist á Indlandi árið 621 fyrir Krist og varð fullkominn búddha 592 fyrir Krist. Búddha nefnist sá maður sem er „uppljómaður“, og hefur öðlast mestu þekkingu sem manni er möguleg í þessu sólkerfi.

Búddhi.

Hin alheimslega sál. Búddhi er hin andlega sál mannsins og einn af eðlisþáttum andlegu þrenndarinnar.

Chohan.

Lávarður, meistari, höfðingi. Í þessari bók er átt við þá meistara sem hafa haldið áfram og tekið sjöttu vitundarvígsluna.

Dómgreind. (Sjá víveka.)

Etherlíkami.

Einnig nefndur ethertvífari. Samkvæmt hinni dulfræðilegu kenningu greinist efnislíkami mannsins í tvo hluta, hinn þetta efnislíkama og etherlíkamann. Hinn þetti efnislíkami er gerður úr efni þriggja lægstu sviðsstiga efnissviðsins. Etherlíkaminn er gerður úr fjórum æðri sviðsstigum efnissviðsins.

Ferndin.

Hið fjórgreinda lægra sjálf, eða maðurinn í heimunum þrem. Til eru ýmsar útgáfur af þessari skiptingu, en hvað okkur varðar er ef til vill best að nota eftirfarandi skiptingu:

1. Lægri hugur.
2. Tilfinningar eða geðlíkami.
3. Prana eða eðlisþáttur lífsins.

4. Etherlíkaminn, eða æðri hluti hins tvígreinda efnislíkama.

Fimmti eðlisþátturinn.

Hugræni eðlisþátturinn; sá eiginleiki mannsins sem aðgreinir manninn frá dýrunum og er frumtak vitsmuna og hugsunar.

Fóhat.

Kosmískt rafmagn; frumljósið; hin sínálæga raforka; hinn alheimslegi drifandi lífkraftur; hinn stöðugi kraftur niðurrifs og uppbyggingar; samnefnari hinna ýmsu rafmagnsfyrirbrigða.

Frumgervisverur.

Andar frumefnanna; þær verur sem tengjast hinum fjórum ríkjum eða frumefnum, jörðu, lofti, eldi og vatni. Þessar verur eru á leið efnisþróunarinnar, eða á niðursveigju bogans, gagnstætt þróunarleið mannsins sem er andleg þróunarleið á uppsveigju bogans.

Frumkjarnar.

Þetta eru fimm atóm staðsett á atómísku sviðsstigum hinna fimm sviða mennskrar þróunar. Að auki má nefna hugareininguna á fjórða sviðsstigi hugarsviðsins sem tengist lægri huganum. Mónadinn tekur sér þessa frumkjarna sem tæki til raunbirtingar. Þeir mynda trausta miðstöð og eru tiltölulega varanlegir. Hinir ýmsu líkamar eða hjúpir eru byggðir í kringum þá. Þeir eru í raun smáar orkustöðvar.

Geisli.

Einn af sjö orkustraumum Lógosarins. Hinir sjö miklu ljósstraumar. Máttug kosmísk vera birtir sig í gegnum hvern þeirra. Hinir sjö geislar skiptast í þrjá eðlisgeisla og fjóra eigindageisla eins og hér greinir:

Eðlisgeislar

1. Geisli vilja eða máttar.
2. Geisli kærleiks eða visku.
3. Geisli athafna eða aðlögunar.

Eigindageislar

4. Geisli samræmis, fegurðar, listar eða einingar.
5. Geisli hluthæfrar þekkingar eða vísinda.
6. Geisli hugsjóna eða trúarhollustu.
7. Geisli kynngi eða lögmáls.

Ofangreind nöfn hafa verið valin úr nokkrum fjölda og gefa til kynna þær mismunandi orkugerðir sem Lógosinn notar til raunbirtingar.

Gúrú.

Andlegur fræðari. Meistari í kenningum dulfræðinnar.

Heildisskóli. (Sjá ashram.)

Helgivaldið.

Hópur andlegra vera á innri sviðum sólkerfisins sem mynda hina vitsmunalegu krafta náttúrunnar og stjórna rás þróunarinnar. Helgivald jarðarinnar er samsett úr vígsluhöfum af öllum gráðum sem starfa í heiminum með milligöngu lærisveina sinna.

Hugbirtingarlíkami. (Sjá majavi rúpa.)

Hugræni eðlisþátturinn. (Sjá manas.)

Hvíta bræðralagið. (Sjá helgivaldið.)

Jíva.

Sérgreind vitundareining.

Jóga.

1. Eitt af sex kenningakerfum Indlands. Patanjali er talinn vera höfundur þess, en það á

sér í raun mun eldri uppruna.

2. Iðkun hugleiðingar í þeim tilgangi að öðlast andlega lausn.

Kalí júga.

Orðið „júga“ merkir öld eða tímabil. Samkvæmt indverskum kenningum skiptist þróunin í fjórar slíkar aldir. Núverandi tímabil nefnist Kalí júga, sem merkir „hin myrka öld“, en þessi öld stendur yfir í 432.000 ár.

Karma.

Efnisleg athöfn. Í dulfræðilegum skilningi merkir það lögmál endurgjaldsins, lögmál orsaka og afleiðinga eða siðferðilegt orsakasamhengi.

Kúmarar.

Sjö æðstu vitundarverur sólkerfisins. Hinir sjö Kúmarar birta sig í gegnum plánetukerfi á sama hátt og maðurinn birtir sig í gegnum efnislegan líkama. „Hinir hugbornu synir Brahma“ er eitt af þeim heitum sem hindúar nota yfir þá. Þeir eru heildarsumma allra vitsmuna og visku. Innan plánetukerfisins er einnig að finna spegilmynd hins sólkerfislega skipulags. Yfirstjórnandi heimsþróunar okkar er hinn fyrsti Kúmara, en honum til aðstoðar eru sex aðrir Kúmarar, þrír útræðir og þrír innræðir. Þeir eru brennipunktur fyrir orku hinna sólkerfislegu Kúmara.

Kúndalíni.

Máttur lífsins, einn af kröftum náttúrunnar. Þennan mátt þekkja aðeins þeir sem iðka hugareinbeitingu í jóga. Hann er að finna innan mænunnar.

Kynstofn.

Einn hinna sjö meginkynstofna mannsins sem þróast á jörðinni á hinu langa tímaskeiði plánetubirtingarinnar. Þetta tímabil er nefnt eitt heimstímabil. Aríski kynstofninn er sá fimmti í röðinni, en honum tilheyra hindúar og íbúar Evrópu og Ameríku. Kínverjar og japanir tilheyra fjórða kynstofninum.

Lávarður siðmenningarinnar. (Sjá Mahachohan.)

Lemúría.

Nútíma hugtak sem upphaflega var notað af sumum náttúrufræðingum, en var síðar tekið til afnota af guðspekingum sem nafn á meginlandi sem samkvæmt Kenningunni Duldu var til á undan Atlantis og var heimkynni þriðja kynstofnsins.

Lífsorka. (Sjá prana.)

Logadrottnarnir.

Eitt af hinum miklu lífríkjum andlegra vera sem vakir yfir sólkerfinu. Þeir tóku við stjórn mannkynsþróunarinnar á jörðinni fyrir um það bil 18 milljónum árum, á miðju tímabili þriðja kynstofnsins, Lemúríu.

Lógos.

Guð eða guðleg vera sem birtir sig í gegnum heildi, svo sem þjóð, kynstofn, plánetu eða sólkerfi. Lógos er ytri birting eða afleiðing orsakar sem ætíð er hulin. Þannig er orðræðan lógos hugsunarinnar, af því leiðir að hugtakið Lógos hefur réttilega verið þýtt sem „Orðið“ í dulfræðilegri merkingu sinni. (Sjá Jóhannes I:1-3.)

Mahachohan.

Stjórnandi hinnar þriðju miklu starfsdeildar Helgivaldsins. Þessi mikla vera er Lávarður Siðmenningarinnar, og ávöxtur vitsmunanna. Hann er birting á þriðja eðlisþætti guðdómsins í fimmþættri virkni, eða eðlisþætti vitsmunanna á jörðinni.

Mahamanvantara.

Hið óralanga tímabil heils sólkerfis. Þetta hugtak er notað um hin stærri sólkerfistímabil. Það felur í sér tímabil alheimslegrar virkni.

Manas.

Hugurinn, hinn hugræni eðlisþáttur; það sem greinir mann frá dýri. Hann er það sem gæðir manninn einstaklingseðli sínu; það sem gerir honum mögulegt að gera sér grein fyrir tilveru sinni, tilfinningum og þeirri vitneskju að hann veit. Í sumum kenningum er huganum skipt í tvennt, æðri og lægri huga, eða óhlutlægan og hlutlægan huga.

Mannkynshöfðinginn. (Sjá manú.)

Mantram.

Máttarorð eða kynngipula, einnig notað yfir erindi úr Vedabókunum. Í útræðum skilningi er mantram (eða sú sálareigind eða hæfileiki sem felur í sér skynjun eða hugsun) eldri hluti Vedabókanna, en seinni hluti þeirra eru Brahmana-bækurnar. Í innræðum skilningi er mantram hlutlæg birting orðsins fyrir guðlega kynngi. Mantram er form orða eða atkvæða sem raðað er upp með ákveðinni hrynjandi, svo að sérstök tíðni skapast þegar farið er með það.

Manú.

Nafn sem gefið er þeirri miklu veru sem er stjórnandi, frum-forfaðir og höfðingi yfir kynstofni manna. Orðið er dregið af sanskrítarrótinni „man“ — að hugsa.

Manvantara.

Tímabil virkni, eða hið gagnstæða við hvíldartíma, án tilvísunar til ákveðinnar tímalengdar. Oft notað til að tákna virkni tíma plánetu, eða tímabil sjö kynstofna.

Máttarorð. (Sjá mantram.)

Maja.

Sanskritarorð sem merkir „sýndarraunveruleiki.“ Eiginleiki formsins og hins takmarkaða. Afleiðing raunbirtingarinnar. Venjulega notað í afstæðri merkingu um fyrirbrigði eða hlutlæga birtingu sem hugurinn skapar.

Majavi rúpa.

Sanskritarorð sem merkir „sýndarform.“ Átt er við raunbirtingarlíkama sem adept eða meistari skapar með viljaathöfn til afnota í heimunum þrem. Hann er á engan hátt gerður eins og venjulegur efnislíkami. Hann er andlegur og etherískur og fer hvert sem er án hindrana. Hann er gerður með mætti hins lægri hugar úr geðheimsefni af fingerðustu gerð.

Meistari. (Sjá adept.)

Mónad.

Hinn eini. Hinn þrígreiði andi á sínu eigin sviði. Dulfræðilega er átt við hina sameinuðu þrúnd: — Atma, Búddhi, Manas eða Andlegur vilji, Innsæi, Æðri hugur — eða hinn ódauðlega þátt mannsins sem fæðist aftur og aftur í lægri lífríkjunum, þróast smám saman í gegnum þau til mannsins og þaðan til hins endanlega markmiðs.

Nirmanakajar.

Þær fullkomnuðu verur sem hafna nirvana (hinu æðsta ástandi andlegrar sælu) og kjósa að lifa í sjálfstórn og verða þátttakendur hins ósýnilega flokks sem heldur ætíð verndarhendi yfir mannkyninu innan karmískra takmarka.

Orsakalíkami. (Sjá sálarlíkami.)

Plánetulogos.

Þetta orð er venjulega haft um hina sjö æðstu anda sem samsvara sjö erkienglum kristninnar. Þeir hafa allir gengið í gegnum hið mennska stig og birta sig nú í gegnum plánetu og þróunarbrautir hennar á sama hátt og maðurinn birtir sig í gegnum efnislíkama sinn. Í raun er hinn æðsti plánetuandi, sem starfar í gegnum einhvern ákveðinn hnött hnattakeðjunnar, persónulegur guð plánetunnar.

Prakriti.

Dregur nafn sitt af hlutverki sínu sem hin efnislega orsök fyrstu þróunar alheimsins. Það er samsett úr tveim orðstofnum, „pra“ að raunbirtast, og „krita“ að gera; sem merkir það sem er orsök raunbirtingar alheimsins.

Prana.

Lífsfrumtakið, andardráttur lífsins. Dulfræðingurinn telur eftirfarandi staðhæfingu sanna: „Lífið er eina tilveruformið. Það raunbirtist í gegnum það sem kallað er efni, eða í manninum í gegnum það sem við köllum anda, sál og efni. Efnið er tæki sálarinnar á sínu tilverusviði til raunbirtingar; sálin er tæki andans til birtingar, og lífið, sem gegnsýrir þau öll þrjú í þríeiningu, samfjallar þau.“

Púrúsha.

Hið andlega sjálf. Hið líkamnaða sjálf. Orðið þýðir bókstaflega „sá sem dvelur í borginni,“ það er, í líkamanum. Orðið er dregið af sanskritarorðinu „púra“ sem þýðir borg eða líkami, og „úsha,“ sem dregið er af sögninni „vas,“ að dvelja.

Rajajóga.

Hið konunglega jóga. Hið sanna kerfi til þróunar sálarænna og andlegra hæfileika og sameiningar við æðra sjálfið eða sálina. Í því felst þjálfun, stjórnun og einbeiting hugsunar.

Rajalávarður.

Orðið „raja“ merkir einfaldlega konungur eða prins; orðið hefur verið notað um þá máttugu engla eða verur sem lífga hin sjö svið. Þetta eru miklir tívar sem eru heildarsumma og ráðandi vitsmunir sviðsins.

Sálarheildi.

Á þriðja sviðsstigi fimmta sviðsins, hugarsviðsins, er að finna sálarlíkami sérgreindra manna. Þessir líkamar sem eru tjáning sálarinnar, eða hinnar sérgreindu sjálfsvitundar, eru flokkaðir saman í heildi í samræmi við geisla eða eiginleika viðkomandi sálar.

Sálarlíkami.

Frá sjónarhóli efnissviðsins er þessi líkami ekki neinn líkami í hlutlægum eða óhlutlægum skilningi. Hann er samt sem áður miðstöð sálarvitundarinnar, og myndast við snertingu búddhi og manas. Hann er tiltölulega varanlegur og endist í gegnum hið langa tímabil jarðvistarskeiðanna. Það er ekki fyrr en eftir fjórðu vitundarvígsluna, þegar maðurinn hefur ekki lengur neina þörf fyrir efnislega birtingu, að hann hefur lokið hlutverki sínu og leysist upp.

Sensa eða Senzar.

Nafn á hinu leynda helgimáli eða „leynitungu“ innvígðra meistara um allan heim. Það er alheimslegt tungumál og er aðallega dulmál falið í helgiletri.

Shamballa.

Borg guðanna, sem fyrir sumar þjóðir liggur í vesturátt, fyrir aðrar liggur hún í austur eða norður eða suður. Hún er hin heilaga eyja í Góbí-eyðimörkinni. Hún er heimili launspekinnar og hinnar leyndu kenningar.

Slöngueldurinn. (Sjá kúndalíni.)

Smáheimur.

Hinn smái heimur, eða maðurinn sem birtir sig í gegnum líkama sinn, hinn efnislega líkama.

Stórheimur.

Hinn stóri heimur, eða Guð sem birtir sig í gegnum líkama sinn, sólkerfið.

Takmörkunarringur.

Hann liggur við ytri mörk hins raunbirta sólkerfis, og markar takmörk áhrifasviðs sólkerfisins, bæði í innræðum og útræðum skilningi. Almennt séð þýðir hann þau takmörk sem eru á áhrifasviði umhverfis einhvern miðpunkt lífkrafts.

Tívi (eða engill).

Sanskritarorðið deva þýðir guð eða himnesk vera hvort sem hún er góð, slæm eða áhrifalaus. Orðið tívi (dregið af goðanafninu Týr) er notað yfir þróunarleið sem spannar yfir mjög vítt svið, allt frá hinum lágstæðari tívum sem eru á efnisþróunarleið og kallast lægri byggjendurnir, ásamt æðri byggjendunum sem eru á andlegri þróunarleið eins og maðurinn, til dýrlegra engla og erkiengla.

Varanlegt atóm. (Sjá frumkjarni.)

Vígður maður.

Íslenska orðið „vígja“ merkir að helga eða gera heilagt. Enska orðið „initiate“ er dregið af latneskri rót sem merkir upphaf eða byrjunaratriði hvers kyns vísinda. Innvígður er sá sem er byrjaður að skyggjast inn í vísindi æðra sjálfsins og hins eina sjálfs í öllum sjálfum. Vígslubrautin er síðasti hlutinn á þróunarleið mannsins, henni er skipt í fimm stig sem nefnd eru vígslurnar fimm.

Vitundarbrúin. (Sjá antahkarana.)

Vitundareining. (Sjá jíva.)

Víveka.

Sanskritarorð sem merkir dómgreind, eða hæfileikann til að greina á milli hins sanna og hins ósanna, milli efnis og atburðar, milli sjálfsins og ekki-sjálfsins, milli anda og efnis. Þetta eru fyrstu skrefin á braut dulfræðinnar.

Wesak.

Hátíð sem haldin er í Himalajafjöllum á fyrsta fulla tungli í nautsmerkinu (oftast í maí). Sagt er að á þessari hátíð séu allir meðlimir Helgivaldsins viðstaddir og að þá endurnýi Búddha samband sitt um skamma hríð við starfið á plánetu okkar.

Þríundin.

Hinn andlegi maður; birting mónadsins. Hún er vísir andans og býr yfir duldum eigindum guðdómsins. Þessar eigindir þroskast og blómstra í rás þróunarinnar. Þríundin myndar hið sérgreinda sjálf, eða sálina.

N.B.

Þessum skýringum er ekki ætlað að skýra fullkomlega öll ofangreind hugtök. Þær eru einungis tilraun til að snúa á íslensku ákveðnum orðum sem notuð eru í þessari bók, svo að lesandinn fái betri skilning á þeim. Megin hluti skilgreininganna hafa verið teknar úr Theosophical Glossary, The Secret Doctrine (Kenningin Dulda), og Voice of the Silence (Rödd Þagnarinnar).